

FW: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Til : Ágúst Sigurðsson;Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Frá : Rangárþing Ytra
Heiti : FW: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa
Málsnúmer : 1811013
Málsaðili : Samgöngustofa
Skráð dags : 06.11.2018 11:18:28
Höfundur : Rangárþing Ytra

Viðhengi [PLAKAT.Minningardagur 2018..jpg](#)[PLAKAT.Minningardagur 2018..jpg](#)
[image006.png](#)[image006.png](#)
[image004.jpg](#)[image004.jpg](#)

From: Hildur Guðjónsdóttir
Sent: 6. nóvember 2018 11:13
To: fraedsla@samgongustofa.is
Subject: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Kæra sveitarfélag.

Sunnudaginn 18. nóvember nk. verður þeirra minnst sem látist hafa í umferðarslysum á Íslandi. Efnt verður til [athafnar við þyrlupall bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi í Reykjavík í sjöunda sinn](#) og er hliðstæð athöfn víða um heim að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna sem hafa tileinkað þriðja sunnudag í nóvember þessari minningu.

Mikilvægt er að undirstrika að þetta er athöfn allra landsmanna og eru sveitarfélög á landinu hvött til að taka þátt í deginum með einum eða öðrum hætti. Oft þarf lítið til að skapa réttu kringumstæðurnar til að virkja vitund viðstaddra fyrir ábyrgð sinni í umferðinni og votta fórnarlömbum virðingu sína. Dagurinn er ekki aðeins tileinkaður minningu látinna í umferðinni heldur hefur skapast sú venja hér á landi að heiðra þær starfsstéttir sem sinna björgun og aðhlyningu þegar umferðarslys verður. Er þessum starfsstéttum færðar þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf þeirra.

Ef þið sjáið ykkur fært að virkja einhverja, t.d. trúfélög, heilbrigðisstofnanir, bjögunarsveitir eða aðra viðbragðsaðila í ykkar sveitarfélagi, til að skapa vettvang slíkrar athafnar þá þætti okkur vænt um að fá fréttir af því.

Hér gefur að líta auglýsingu um athöfnina sem haldin verður í Reykjavík.

2018

MINNINGARDAGUR
um fórnarlömb
UMFERÐARSLYSA

Sunnudaginn 18. nóvember 2018



Athöfnin hefst klukkan 11:00

Klukkan 11:15 verður boðað til mínútu þagnar

Árleg minningarathöfn um fórnarlömb umferðarslysa verður haldin við þyrilupall bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 18. nóvember, kl. 11.00.

Allir eru velkomnir og landsmenn eru hvattir til að sýna viðeigandi hluttekningu þennan dag, hver sem þeir eru staddir.

Við hvetjum þig til að leiða hugann að fórnífúsu og óeigingjörnu starfi viðbragðsaðila og þeirri ábyrgð sem þú berð sem þéttakandi í umferðinni.

Frá fyrsta banaslysinu höfðu samtals 1564 látist í umferðinni hér á landi þann 30. október 2018

Nánari upplýsingar á: www.samgongustofa.is/umferd/





Með kveðju / Best regards,

Hildur Guðjónsdóttir

sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild / Educational Leader

Samgöngustofa 
 ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY
 Ármúli 2 - 108 Reykjavík - Iceland
 Sími / Phone +354 480 6000
www.samgongustofa.is - www.icetra.is

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer

<http://www.samgongustofa.is/fyrirvari/>